



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Alþingi
Erindi nr. P 140/487
komudagur 28.11.2011

Reykjavík 28. nóvember 2011

LHG/084/9,6/DS/sig

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar, 95. mál.

Landhelgisgæslan er fylgjandi því að hafinn verði undirbúningur að hönnun og stækkun Þorlákshafnar. Á svæðinu frá Faxaflóa að Austfjörðum eru aðeins tvær hafnir fyrir stærri skip, Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn. Þorlákshöfn er því mikilvæg ekki eingöngu út frá viðskiptasjónarmiðum heldur einnig út frá öryggissjónarmiðum. Þegar Vestmannaeyjagosið stóð yfir árið 1973 var Þorlákshöfn eina höfnin á svæðinu og allir flutningar á sjó til og frá Vestmannaeyjum fóru um þessa höfn (bjargvættur eyjanna).

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.